

REGLUR

um starfsemi loftslagssjóðs.

I. KAFLI

Almennt um loftslagssjóð.

1. gr.

Hlutverk loftslagssjóðs.

Loftslagssjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

2. gr.

Stjórnsvísla.

Stjórn loftslagssjóðs er heimilt að framselja óháðum aðila fjárhagslega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi.

Úthlutað er úr sjóðnum að jafnaði einu sinni ári. Stjórn loftslagssjóðs er þó heimilt að gera undantekningar þar á og mun tilkynna um það sérstaklega.

Loftslagssjóður er í vörslu ráðherra sem einnig skipar stjórn sjóðsins.

3. gr.

Tekjur.

Tekjur loftslagssjóðs eru fjárveiting á fjárlögum ár hvert.

4. gr.

Samkeppnissjóður.

Loftslagssjóður er samkeppnissjóður og hefur ráðherra falið Rannís umsjón með honum. Umsóknir um styrki eru metnar út frá hlutverki og tilgangi sjóðsins og áherslum stjórnar sem fram koma í auglýsingum um styrki hverju sinni.

II. KAFLI

Stjórn loftslagssjóðs.

5. gr.

Skipan.

Ráðherra skipar fimm fulltrúa í stjórn loftslagssjóðs til tveggja ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa sem hefur þekkingu á loftslagsmálum, samkvæmt tilnefningu háskólasamfélagsins, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu umhverfisverndarsamtaka.

6. gr.

Fundir stjórnar, fundargerðir og birting gagna.

Formaður boðar til fundar og stýrir fundum stjórnar. Halda skal fundargerðir yfir alla fundi og þær ákvarðanir sem teknar eru. Fundargerðir og upplýsingar um þau verkefni sem styrkt eru af sjóðnum skal birta á vef sjóðsins.

Stjórn loftslagssjóðs skal funda að minnsta kosti tvisvar ári og eftir þörfum og umfangi verkefna.

7. gr.

Hæfisreglur.

Stjórnarfulltrúi, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á þeim. Telji formaður sig vanhæfan skal hann vekja athygli annarra stjórnarfulltrúa

á því. Stjórnin ákveður í framhaldi hvort stjórnarfulltrúa/formanni beri að víkja sæti, sbr. 5. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Við mat á vanhæfi skal taka mið af ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI Úthlutunarreglur.

8. gr.

Auglýsingar.

Stjórn loftslagssjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsa skal á heimasíðu sjóðsins, í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Í auglýsingu skal koma fram umsóknarfrestur og áherslur stjórnar við úthlutun.

9. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal skilað í rafrænu umsóknarkerfi Rannís á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal gera grein fyrir með skýrum hætti hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum.

10. gr.

Mat á umsóknum.

Fagråd loftslagssjóðs sem skipað er eigi færri en þremur sérfræðingum með þekkingu á loftslagsmálum, og/eða nýsköpun og tækni, og/eða miðlun metur styrkhæfi umsókna.

Heimilt er að nota fagråd sem skipuð eru vegna úthlutunar úr öðrum samkeppnissjóðum á vegum Rannís. Í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er heimilt að byggja á niðurstöðum fagráða sem skipuð eru sameiginlega af samstarfsaðilum.

Mat fagráðs á umsóknum skal ávallt byggjast á áherslum stjórnar og gæðum umsókna.

11. gr.

Úthlutun.

Fagråd metur umsóknir og skilar stjórn loftslagssjóðs skriflegri greinargerð þar sem umsóknum hefur verið forgangsraðað á grunni hins faglega mats.

Sérhverri umsókn skal fylgja stutt umsögn fagráðs sem fylgir svari til umsækjanda.

Stjórn loftslagssjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli greinargerðar fagráðs. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsókna.

Ákvarðanir sem teknar eru um veitingu styrkja úr loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

12. gr.

Skilyrði styrkveitinga.

Hafi umsækjandi áður hlotið styrk úr loftslagssjóði til verkefnis þarf að liggja fyrir lokaskýrsla um framkvæmd þess og ráðstöfun styrkfjárins áður en gengið er til samninga um nýjan styrk.

Styrkjum er úthlutað til eins árs og eftir atvikum til tveggja ára í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan árs frá úthlutun fellur styrkur niður, nema sérstaklega sé sótt um frest. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Styrkveitingar eru bundnar skilyrðum og koma almennir skilmálar styrks fram í samningi.

Gerður er samningur við styrkþega um framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru.

13. gr.

Upplýsingagjöf styrkþega.

Styrkþegum er skylt að kynna stjórn loftslagssjóðs stöðu verkefnis sé þess óskað. Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur fyrir styrkveitingu brostnar. Áskilur sjóðurinn sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur sjóðurinn krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir sjóðurinn ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Að verkefni loknu skal styrkþegi kynna stjórn sjóðsins árangur og niðurstöður þess með skriflegri skýrslu samkvæmt almennum skilmálum styrks eða samningi við styrkþega.

Styrkþegum ber að geta loftslagssjóðs er þeir kynna verkefni að því loknu.

IV. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

14. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í 32. gr. laga um loftslagsmál nr. 70/2012 öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 8. júlí 2019.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.